

Fréttatilkynning, 22. mars 2009

Sprotafyrirtækið Controlant hlýtur Gulleggið 2009

Sprotafyrirtækið Controlant sigraði í Frumkvöðlakeppni Innovit og hlaut að launum Gulleggið 2009. Alls komust 10 viðskiptahugmyndir í úrslit keppinnar sem fram fór í gær, en 122 viðskiptahugmyndir voru skráðar til leiks í fyrsta áfanga keppinnar. Annað sætið hlaut fyrirtækið Responsible Surfing og þriðju verðlaun hlaut Risk ehf. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri afhenti sigurlaunin í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær.

Keppnin er fyrst og fremst hugsuð sem tækifæri fyrir frumkvöðla til að öðlast reynslu, þekkingu og tengslanet til að koma sínum hugmyndum á framfæri og vinna að stofnun nýrra og öflugra fyrirtækja á Íslandi. Frumkvöðlakeppni Innovit var haldin í fyrsta sinn í fyrra og hafa sprotafyrirtækin sem stigu sín fyrstu skref í keppninni í fyrra þegar náð afar góðum árangri og skapað tugi nýrra starfa.

Hér má sjá stutta umfjöllun um þær viðskiptahugmyndir sem lentu í efstu þremur sætunum:

1. Sæti: Controlant

Hugmyndin á bak við Controlant er m.a. að þróa, framleiða og markaðssetja CMS kerfið. CMS stendur fyrir Controlant Monitoring System og er samheiti yfir vörur sem byggja á þráðlausu skynjaraneti, sérhönnuðu á Íslandi af meðlimum Controlant. Með CMS er á einfaldan hátt hægt að framkvæma reglulegar mælingar með þráðlausum skynjurum á nánast hverju sem er, birta í rauntíma og halda utan um mælingar í miðlægum gagnagrunni. Sérstaða kerfisins er hversu fjölbreyttar mælingar það getur framkvæmt, það er algjörlega sjálfvirk í notkun og uppsetningu, getur gengið á lítilli rafhlöðu í meira en 5 ár og notkunarsviðin eru mjög mörg. Ekkert kerfi á markaðnum uppfyllir þann fjölbreytileika sem CMS kerfið býður uppá. Að hugmyndinni standa þrjú rafmagns- og tölvuverkfræðingar, einn tölvunarfræðingur og einn viðskiptafræðingur.

1. Sæti: Responsible Surfing

Responsible Surfing farsímalausnin er framhald af lausnum sem Responsible Surfing á í dag fyrir heimili, skóla og fyrirtæki. Búnaðurinn er öryggisvarnarhugbúnaður sértaklega ætlaður foreldrum barna sem eiga farsíma. Í dag eru vandamál vegna ofnotkunar á tölvum að hrjá 6-10% netnotenda og er að verða aðalorsök brottfalls úr framhaldskóla. Síminn er á góðri leið að fara sömu átt og tölvan og eru þjónustuþættirnir sérmiðaðar á að takmarka notkun farsíma til þess að börn nái að nýta sér eiginleka símans vel en koma jafnframt í veg fyrir ofnotkun. Búnaðurinn verður einnig með lausnir til að hindra og bregðast við

Um Innovit

Innovit er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögð er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Innovit var stofnað af stúdentum árið 2007 og er einkarekið frumkvöðlasetur sem rekið er í almannabágu.

Meginmarkmið Innovit er að auka þátt háskólamentaðra einstaklinga í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og stuðla að fjölgun sprotafyrirtækja í þekkingariðnaði. Í því skyni er lögð megináhersla á að skapa kraftmiklu og vel menntuðu fólk fyrsta flokks umgjörð til að byggja upp tengslanet, sækja sér þekkingu og öðlast reynslu í stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja.

rafrænu einelti um síma, lausn til að finna börn eða síma þeirra og lausn til að stýra kostnaði símans.

2. Sæti: Risk ehf.

Verkefnið byggist á smíði upplýsingatæknihugbúnaðs í formi áhættureiknivélar sem metur sjálfvirkt áhættu sykursjúks einstaklings á augnsjúkdómum og sjónskerðingu vegna sykursýkis. Upplýsingar um þekkta áhættuþætti s.s. týpu og tímalengd sykursýkis, langtíma blóðsykur og blóðþrýsting eru skráðar fyrir hvern einstakling og hugbúnaðurinn metur áhættu einstaklingsins. Þessi áhættugreining mun gefa til kynna skimunartíðni sykursjúkra og því hagræða tíðni skimunar eftir því sem við á og þar af leiðandi spara fjármuni í framhaldinu.

Allar nánari upplýsingar veita:

Arnar Ingi Jónsson, fjölmiðlafulltrúi Frumkvöðlakeppni Innovit, S: 697-8713.

Eða

Andri Heiðar Kristinsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Innovit. S: 697-5982.